

Föstudaginn 23. febrúar 1940.

Nr. 113/1939. **Daníel Jacobsen** (Theódór B. Lindal)
gegn

Helga Benediktssyni (Enginn).

Um kaupeftirstöðvar sjómanns.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. október 1939, hefir fengið gjafsókn fyrir hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 24. nóv. s. á. og sér skipaðan talsmann. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 572.23 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Svo krefst hann þess og, að viðurkenndur verði sjóveðréttur honum til handa v/b Skiðblaðni V. E. 287 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda hefir ekki verið mætt fyrir hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefir því verið sótt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112 frá 1935, og er það dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi var háseti á bát, er stefndi gerði út frá Vestmannaeyjum á vetrarvertið 1937. Þegar vertið-inni lauk 11. maí þá um vorið, skuldaði áfrýjandi stefnda kr. 124.78. Eftir það kveðst áfrýjandi hafa unnið óslitið á vegum stefnda, fyrst í landi og síðar á sildveiðum, til 24. okt. 1937. Telur hann sér laun fyrir tímabil þetta samtals kr. 1400.16 auk fæðis á sildveiðum. Frá þeirri fjárhæð dregur hann skuldina frá vetrarvertiðinni, kr. 124.78, og ennfremur

kr. 703.15, er hann kveður stefnda hafa þegar greitt sér í peningum og vörum. Samkvæmt þessu telur hann ógreiddar kaufeftirstöðvar nema kr. 572.23, og er það fjárhæð sú, er hann krefst dóms fyrir í máli þessu.

1. Aðilja greinir á um það, hvernig vinnu áfrýjanda hafi verið háttað dagana 12.—31. maí 1937 og hver hafi átt að vera kaupkjör hans þann tíma. Telur áfrýjandi, að samið hafi verið um 200 króna mánaðarlaun þegar að vertið lokinni. Þessu neitar stefndi. Skýrir hann svo frá, að sökum þess, að áfrýjandi hafi verið vegalaus, er vertiðinni lauk, hafi hann veitt honum fæði út maímánuð og goldið honum að auki 50 krónur fyrir ýmis viðvik, en hann hafi enga þörf haft fyrir vinnu áfrýjanda þenna tíma. Áfrýjandi mótmælti því ekki í héraði, að hann hefði verið á fæði stefnda 12.—31. maí, og enga grein hefir hann gert fyrir því, hvernig vinnu hans hafi verið háttað þenna tíma. Þykir því eigi sannað, að hann hafi innt þá vinnu af hendi, er honum beri hærri laun fyrir en stefndi reiknar honum, þ. e. kr. 50.00 auk fæðis.

2. Aðiljum kemur saman um það, að áfrýjandi hafi unnið stefnda frá 1. júní til 15. júlí 1937 fyrir umsamið kaup, kr. 200.00 um mánuðinn. Kaup hans fyrir þetta tímabil nemur því kr. 300.00.

3. Gegn mótmælum stefnda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi unnið honum dagana 16.—18. júlí incl. Verða áfrýjanda því ekki dæmd laun fyrir þann tíma.

4. Áfrýjandi réðst háseti á bát stefnda, Skiðblaðni, frá Siglufirði sumarið 1937. Þann 19. júlí fór báturinn frá Vestmannaeyjum áleiðis norður, og þann 25. s. m. undirrita áfrýjandi og skipstjóri bátsins

skiprúmssamning á Siglufirði. Stefndi mótmælir því, að áfrýjandi eigi rétt til launa fyrir dagana 19.—24. júlí incl., að því er virðist, vegna þess, að áfrýjandi hafi aðeins verið farþegi með bátnum norður. Áfrýjandi hefir hinsvegar ómótmælt haldið því fram, að hann hafi unnið venjuleg hásetastörf á norðurleið, enda hafi þá aðeins 3 menn verið á bátnum. Miðar hann laun sín þenna tíma við 200 krónur um mánuðinn, er verða 40 krónur fyrir þessa 6 daga. Með því að áfrýjandi þykir eiga rétt til launa fyrir hásetastörf sín og ekki er sannað, að hann krefjist hærri launa en sanngjarnt er, þykir bera að taka þenna kröfulið til greina.

5. Samkvæmt skiprúmssamningi áfrýjanda 25. júlí 1937 skyldi hann vera háseti á Skiðblaðni og taka laun eftir taxta sjómannafélagsins „Vikingur“ á Siglufirði. Virðast launin hafa átt að miðast við afla, en þó svo, að þau yrðu ekki minni en 200 krónur um mánuð hvern auk fæðis. Nú kveðst áfrýjandi hafa unnið mestan hluta síldveiðitímans sem matsveinn, en laun þeirra hafi átt að vera 300 krónur um mánuðinn, og telur hann sér kaup samkvæmt því. Stefndi kannast við, að áfrýjandi hafi unnið meðfram að matreiðslustörfum nokkurn hluta tímans, en fyrir það hafi honum verið greidd aukapóknun, kr. 100.00, er hann hafi fallizt á, að væri nægileg. Verður ekki talið samkvæmt gögnum þeim, er fram eru komin, að áfrýjandi, sem ekki kunni til matreiðslustarfa sérstaklega, hafi átt rétt til frekari þóknunar vegna matreiðslustarfa á bátnum. Stefndi telur aflahlut áfrýjanda á síldveiðunum hafa numið kr. 591.95. En sé miðað við tímabilið frá 25. júlí til 24. okt., er áfrýjandi fór af bátnum í Vestmannaeyjum, ætti kaup áfrýjanda samkvæmt lágmarks-

ákvæði fyrrnefnds taxta að nema kr. 600.00 auk fæðis og áðurnefndrar 100 króna uppbótar. Að visu kann að vera, að lágmarkstryggingin hafi ekki átt að gilda lengur en til þess tíma, er báturinn hætti sildveiðum á Siglufirði, en hvorttveggja er, að ekki er upplýst í málinu, hvenær sildveiðum bátsins lauk þar, og að áfrýjandi átti rétt til launa þann tíma, er fór til heimferðar bátsins, sem einnig yrði að miða við 200 krónur um mánuðinn, eins og laun hans í norðurför bátsins. Laun áfrýjanda frá 25. júlí til 24. okt. ber því að telja samtals kr. 700.00.

Samkvæmt framansögðu nemur kaupgjald það, er áfrýjandi þykir hafa átt rétt til að fá greitt, auk fæðis, eins og áður segir, á tímabilinu 12. maí til 24 okt. 1937 (kr. 50.00 + kr. 300.00 + kr. 40.00 + kr. 700.00) = kr. 1090.00. Þar frá dragast samkvæmt því, er áður greinir, (kr. 124.78 + kr. 703.15) = kr. 827.93. Mismuninn, kr. 262.07, ber að dæma áfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá stefnuðegi, 25. okt. 1938, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði 200 krónur í málskostnað í héraði og kr. 187.85 fyrir hæstarétti, og renni þar af kr. 87.85 í rikissjóð, en kr. 100.00 til talsmanns áfrýjanda.

Ráðningartíma áfrýjanda á v/b Skiðblaðni lauk þann 24. okt. 1937, en stefna í máli þessu er gefin út þann 25. okt. 1938. Sjóveðréttur var því fyrndur, er lögsókn hófst, sbr. 252. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, og verður því krafa áfrýjanda um viðurkenningu hans ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði áfrýjanda,
 Daniel Jacobsen, kr. 262.07 ásamt 6% ársvöxt-

um frá 25. okt. 1938 til greiðsludags. Svo greiði og stefndi 200 krónur í málskostnað í héraði og kr. 187.85 fyrir hæstarétti, og hljóti rikissjóður þar af kr. 87.85, en talsmaður áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmaður Theódór B. Líndal, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. júlí 1939.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, útgefni og birtri 25. okt. s. l., af Lárusi Fjeldsted, hæstaréttarmálflutningsmanni í Reykjavík, f. h. Daniels Jacobsens í Færeyjum gegn Helga Benediktssyni, útgerðarmanni, Skóla-vegi 27 hér í Eyjum, til greiðslu á kr. 572.23 með 6% ársvöxtum frá 24. október 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í., og jafnframt krefst hann, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v. b. „Skiðblaðni“ V. E. 287 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Meiri hluti sjódómsins, þeir Páll Þorbjörnsson og Lúðvik N. Lúðviksson, hafa orðið sammála um eftirfarandi

D ó m :

Það er upplýst í máli þessu, að sjómaðurinn Daniel Jacobsen, sem er stefnandi í málinu, skuldaði stefndum Helga Benediktssyni kr. 124.78, er reikningar voru uppgærðir í vertiðarlok 1937 (11. maí).

Mál þetta snýst hinsvegar aðallega um tvennt:

1. Deila um kaup í landi frá því vetrarvertið lauk og fram að sildveiðum.

2. Deila um kaup á sildveiðum.

1. Stefnandi heldur því fram, að honum hafi borið kr. 200.00 á mánuði í kaup fyrir vinnu í landi frá 12. maí til 19. júlí, eða samtals kr. 460.13. Stefnður staðhæfir hinsvegar, að hann hafi ráðið stefnanda fyrir kr. 50.00 fyrir tímann frá 12.—31. maí, — að viðbættu fæði fyrir sama tíma, sem hann metur kr. 50.00, eða samtals kr. 100.00 —

og fyrir kr. 200.00 á mánuði frá 1. júní til 15. júlí, en þá hafi hann hætt að vinna í landi hjá sér. Samtals hafi honum því borið kr. 350.00 plús fæðinu kr. 50.00 = kr. 400.00 fyrir tímenn frá 12 maí til 15. júlí. Mismunur kemur því fram, sem nemur kr. 60.13, en sem er kr. 50 lægri en stefnandinn gerir kröfu til, en það er sökum fæðisins í maí, sem stefndur hefir ekki skuldað hann fyrir, heldur aðeins fært honum til tekna kr. 50.00.

Stefnandinn hefir ekki fært aðrar sannanir fyrir kröfu sinni um kaupið í maí en fullyrðingar sínar, og ekki hefir verið reynt að færa sannanir fyrir lengd vinnutímans í landi, þrátt fyrir mótmæli stefnda um tímalengdina, og ekki hefir upplýst, að stefnandi hafi hreyft mótmælum út af þessum liðum í viðskiptareikningi sínum, þegar hann veitti honum móttöku, sem þó hefði verið innan handar. Verður því ekki fallið á að taka kröfu þessa til greina.

2. Stefnandinn, Daniel Jacobsen, er skráður háseti á v/b „Skiðblaðni“, eign stefnda, hinn 26. júlí 1937, en hinsvegar ber viðskiptabókin með sér, að virstartíminn átti að byrja daginn áður, eða 25. s. m. Af skipshafnarskránni verður hinsvegar ekki ráðið, né heldur af viðskiptabókinni, hvenær vístráðningartíminn hefir verið úti, því hvorki verður séð, að stefnandi hafi verið afskráður né reikningur hans gerður upp í viðskiptabókinni, sem fylgir málskjölunum. Hinsvegar virðist mega ráða það af skipshafnarskránni, að skipið hafi hætt sildveiðum 29. september eða fyrir þann tíma, því þann dag er að minnsta kosti einn maður afskráður og annar ekki tekinn í staðinn.

Undir rekstri málsins hefir það ekki upplýst, hvenær báturinn hélt heimleiðis frá Siglufirði, né heldur hvenær hann kom til Vestmannaeyja, en þangað hefir hann komið fyrir 24. október. Formaður bátsins hefir upplýst, að legið hafi verið í Reykjavík á heimleiðinni 10—12 daga og skipverjar þá búið (matazt) í landi.

Tíminn, sem farið hefir í að komast frá Siglufirði til Vestmannaeyja, ca. 24 dagar, virðist vera óeðlilega langur. Stefnandinn hefir haldið því fram, að hann hafi hætt að starfa sem háseti 28. júlí og þá gerzt matsveinn, og krefst hann þess, að sér verði tildæmd hásetakauptrygging, kr. 200.00 á mánuði, meðan hann var háseti, en kr. 300.00, eftir að hann gerðist matsveinn.

Um matsveinsstörfin hefir formaður bátsins upplýst, að hinn upphaflegi matsveinn hafi hætt eftir nokkra daga og annar tekið við í ca. $\frac{1}{2}$ mánuð, en eftir það hafi stefnandinn aðallega annazt matreiðsluna, þó með aðstoð annarra skipverja, því hann hafi ekki kunnað til matreiðslu.

Fyrir þessa matreiðslu kveður formaðurinn sig hafa lofað honum kr. 50.00 á mánuði aukalega fram yfir háseta kaupið. Virðist mega ráða, að matreiðslustarfið hafi hann annazt í ca. $1\frac{1}{2}$ —2 mánuði, eða þar til báturinn kom til Reykjavíkur, en þar dvöldu þeir í 10—12 daga, svo sem áður getur, og mötuðust í landi.

Sú mun vera venja að reikna kauptryggingu aðeins fyrir þann tíma, sem skip stunda veiðarnar, eða frá því að veiðarfærin eru tekin um borð og þar til þau eru lögð á land aftur. Í þessu tilfelli nægir sá tími ekki, til þess að kauptrygging verði hærri en aflahluturinn, er nam kr. 591.95, jafnvel þó tekinn væri tíminn allur frá því vistráðningin hófst samkvæmt viðskiptabókinni, eða 25. júlí, og til þess er ætla má, að báturinn hafi komið í síðasta lagi til Reykjavíkur, eða 12. október, nemur kauptryggingin lægri upphæð en aflahluturinn. Verður því ekki fallizt á að taka kröfuna um kauptryggingu til greina af þeim ástæðum.

Sömuleiðis verður ekki fallizt á, að stefnanda beri meira fyrir matreiðslustörfin en formaðurinn lofaði honum, eða kr. 50.00 á mánuði, en þau störf þykir hann ekki hafa nægilega sannað, að hann hafi unnið lengur en ca. $1\frac{1}{2}$ —2 mánuði, en var greitt fyrir þau kr. 100.00. Verður því ekki fallizt á að taka til greina kröfu hans út af matreiðslunni.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að greiðsla málskostnaðar falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Lárusar Fjeldsteds f. h. Daniels Jacobsens, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Kristins Ólafssonar fulltrúa:

Þar er upplýst í máli þessu, að stefnandinn Daniel Jacobsen hafi verið háseti á v. b. Enok, er stefndur Helgi Benediktsson gerði hér út vetrarvertíðina 1937.

Í vertíðarlokin, 11. maí, skuldaði Jacobsen stefndum kr. 124.78, og samdist svo með þeim, að Jacobsen skyldi vinna áfram hjá stefndum við landvinnu. Þann 19. júlí 1937 varð hann háseti hjá stefndum á vélbát hans Skiðblaðni, sem stefndur gerði út á reknetaveiðar frá Siglufirði um sumarið. Jacobsen sigldi bátnum norður ásamt tveim mönnum öðrum, en þar fer fyrst fram lögskráning á bátinn 26. júlí s. á., Var Jacobsen þá lögskráður á bátinn sem háseti upp á taxta sjómannafélagsins Víkingur á Siglufirði.

Stuttu eftir að báturinn kom norður, tók Jacobsen við matsveinsstörfum um borð, og telur stefnandinn, að hann hafi gegnt þeim frá 28. júlí til 24. október, að báturinn kom aftur til Vestmannaeyja að úthaldinu loknu.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandinn fyrst og fremst á taxta sjómannafélagsins Víkingur og reiknar 200 krónur mánaðarlega fyrir þann tíma, er Jacobsen hafði verið háseti á bátnum, en 300 krónur á mánuði þann tíma, er hann telur sig hafa innt af hendi matsveinsstörf. Þá gerir hann enn fremur kröfu til 200 króna mánaðarkausps tímabilið 11. maí til 19. júlí, er hann hafði unnið í landi hjá stefndum. Verður kaupið alls samkvæmt þessum útreikningi kr. 1400.16, en þar frá er dregið það, sem stefndur hefir borgað, en mismunur verður kr. 572.23, eða dómkrafa stefnandans.

Undir rekstri málsins hefir stefnandinn sett fram þá varakröfu, að Jacobsen yrði reiknað hásetakaup samkvæmt taxta Sjómannafélagsins Víkingur, Siglufirði, og lækkar þá dómkrafan um kr. 280.00, eða niður í kr. 292.23.

Stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt algerðrar sýknu og tildæmdan málskostnað.

Þau atriði, sem um er deilt í málinu og á veltur, eru þessi:

1. Stefndur heldur því fram, að Jacobsen hafi, rétt eftir að báturinn kom að norðan seint í október 1937, komið sjálfur á skrifstofu stefnds, fengið uppgerðan reikning sinn og greidda inneign sína og þó meira en hann hafi átt.

Hafi Jacobsen engar athugasemdir gert við uppgjörið og tekið við reikningi sínum og greiðslu án þess að gera frekari kröfur.

Var þetta stuttu áður en Jacobsen steig á skipsfjöl til að fara heim til sín.

Stefnandinn hefir mótmælt því, að þetta uppgjör hafi verið rétt, og Jacobsen hafi eigi tapað neinum rétti til að koma fram með frekari kröfur, þó hann þá hafi eigi mótmælt reikningnum, enda enginn tími fyrir hann til þess þá, þegar hann var á förum.

Dómarinn telur, að Jacobsen hafi eigi, eins og á stóð, firrt sig rétti til að koma fram með leiðréttingar og frekari kröfur við reikningsuppgjör þetta, þar sem ekki liggur fyrir fullnaðarkvittun frá honum eða neitt, er feli í sér, að hann falli frá frekari kröfum.

2. Það er viðurkennt í málinu, að Jacobsen var í þjónustu stefnds áfram frá því að vertið lauk 11. maí 1937 og þar til hann fór á Skiðblaðni. Segir stefndur, að það hafi verið „um miðjan júlí“, en stefnandinn 19. júlí. Fyrir tímabilið 11.—31. maí hefir stefndur haldið fram, að umsamið hafi verið, að Jacobsen fengi 50 krónur auk fæðis, en frá fyrsta júlí 200 krónur á mánuði. Hinsvegar heldur stefnandinn því fram, að Jacobsen hafi átt að fá sama kaup allan tímann, 200 krónur á mánuði.

Þar sem engar sannanir liggja fyrir um, hvað kaupið skyldi vera í maí, virðist eðlilegast að ganga út frá því, að það skyldi vera það sama og viðurkennt er, að gilda skyldi frá 1. júlí, enda nálægt því, sem almennt kaupgjald var hér í bænum.

Þykir því verða að taka til greina kröfu stefnandans um 200 króna mánaðarkaup fyrir Jacobsen frá 11. maí til 19. júlí.

3. Eins og áður er getið, var lögskráð á v. b. Skiðblaðni á Siglufirði 26. júlí 1937, en í skiprúmssamningsbók Jacobsens, sem undirrituð er af honum og skipstjóra hans á Siglufirði sama dag, segir, að vistartíminn byrji 25. júlí, og er Jacobsen ráðinn sem háseti, og kaup samkvæmt texta Sjómannafélagsins Víkingur, Siglufirði.

Nú heldur stefnandinn því fram, að Jacobsen hafi tekið við matsveinsstörfum 28. júlí, og eru kröfur hans þær, að hann fái tildæmt hásetakaup frá 19. júlí til 28. júlí, kr.

200.00 á mánuði, en matsveinskaup frá 28. júlí til 24. okt., kr. 300.00 á mánuði, alls kr. 880.00.

Þessum kröfum mótmælir stefndur og færir fram, að Jacobsen hafi verið ráðinn upp á hlut og fengið hann greiddan með kr. 591.95, en auk þess fengið greiddar kr. 100.00 fyrir matreiðslustörfin samkvæmt loforði skipstjórans.

Upphaflega var annar maður lögskráður matsveinn á bátinn, en fór eftir fáa daga, og tók þá háseti einn við, en hætti líka eftir stuttan tíma, og tók þá Jacobsen við með aðstoð annarra skipverja, eftir því sem skipstjórinn hefir borið sem vitni í málinu. Ennfremur er upplýst í málinu, að Jacobsen hefir verið alveg óvanur matreiðslustörfum.

Að þessu athuguðu þykir aukabóknun sú, er hann fékk fyrir þetta starf, kr. 100.00, hæfileg greiðsla fyrir það. Hinsvegar verður eigi hjá því komið að dæma Jacobsen samkvæmt taxta sjómannafélagsins Vikingur kaup sem háseta, 200 krónur á mánuði, frá því að vistráðningin byrjar samkvæmt skiprúmssamningnum og til þess tíma, að báturinn kom til Eyja, eða 24. október, með því að eigi var afskráð áður eða vistráðasamningnum löglega slitið á annan hátt, og verður þá hásetakaupið kr. 600.00.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða kröfur stefnandans, sem taka ber til greina, þessar:

Kaup Jacobsens 15. maí til 19. júlí, kr. 460.13, hásetakaup hans fyrir tímenn 25. júlí til 24. okt. lágmarkstryggingu (svo) 200 krónur á mánuði — kr. 600.00 og aukabóknun fyrir matreiðslustörf, kr. 100.00, eða samtals kr. 1160.13, og þar frá dregst það, sem stefndur hefir þegar greitt, kr. 827.93, og verður þá mismunur, inneign stefnandans, kr. 332.20, sem ber að dæma honum með 6% ársvöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags, auk málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn á kr. 100.00.

Þá hefir stefnandinn krafizt sjóveðréttar í v. b. Skiðblaðni fyrir kröfum sínum, en þar sem málið er eigi höfðað innan árs frá slitum vistráðningar, er sjóveðrétturinn fyrndur, og verður sú krafa eigi tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Benediktsson, greiði Lárusi Fjeldsted f. h. Daniels Jakobsens kr. 332.20 með 6% árs-

vöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnað með 100 krónum.

Dóminum (ber) að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1940.

Nr. 148/1937. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Síldarútvegsnefnd

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Varadómari próf. Bjarni Benediktsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Umsamin sölulaun af síld ekki færð niður, þótt slegið væri af söluverði hennar vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 30. nóv. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. okt. 1936 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti hafa aðiljar orðið sammála um það, að stefnda beri að greiða áfrýjanda öll þau sölulaun, er hann kann að eiga heimtingu til vegna síldarsölu þeirrar, sem í máli